

1868.
17. apríl.

vöruflutninga sjóleiðis hafna á milli á Íslandi, heldur einnig við slíka flutninga frá höfnum á Íslandi til hafna í konungsríkinu fram og aftur, hefir þókt nauðsynlegt að leggja frumvarpið fyrir ríkisþingið til samþykktar.

17. apríl.

18. Opíð bréf handa Íslandi, um það, hvernig borga eigi kostnað þann, er rís af flutningi á þurfamönnum.

Vér Kristján hinn Níundi o. s. frv., Gjörum kunnugt: Eptir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vörs trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt, til opins bréfs handa Íslandi um það, hvernig borga eigi kostnað þann, er rís af flutningi á þurfamönnum, bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið:

1. grein.

Þegar á að flytja þurfamenn hreppa á milli í sömu sýslu, skal sýslumaðurinn eptir reikningum þeim, er hann fær frá hlutaðeigandi hreppstjórum, og leggur sjálfur úrskurð á, jafna niður kostnaði þeim, sem gengið hefir til flutningsins, á alla hreppana í sýslunni eptir tölu tíundarbærra lausafjórðunda hvers hrepps, og skal síðan gjalda hluta þann, sem kemur á hvern hrepp, úr fátækraþjóði hans. Sè nokkur óánægður með niðurfjöfnun sýslumannsins, getur hann kært það fyrir amtmanni, og skal standa við úrskurð þann, sem hann leggur á málið. Sè kaupstaður í sýslunni, á sýslumaður að senda amtmanni skýrslu um upphæð kostnaðarins til flutningsins, áður en hann jafnar honum niður á hreppana, og skal amtmáður þá leita álits bæjarstjórnarinnar um málið og ákveða síðan, hversu mikill hluti kostnaðarins eigi að koma á kaupstaðinn, og skal því næst gjalda þenna hluta úr bæjarsjóðnum.

2. grein.

Sè þurfamaður fluttur landveg sýslna á milli eða um fleiri sýslur, skal hver sýsla um sig borga þann kostnað, sem leiðir af flutningi þurfamannsins í sýslunni. Sè þurfamaðurinn aftur

á móti fluttur sjóveg sýslna á milli, skal kostnaðinum skipt jafnt niður á sýslur þær, sem í hlut eiga. Þeim hluta kostnaðarins, er kemur á hverja sýslu, skal síðan skipt niður á sveitirnar samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 1. grein.

3. grein.

Þetta opna bréf öðlast lagagildi 1. júlímán. 1868, og skal næstsíðasti liður 8. greinar í reglugjörð 8. janúarmán. 1834 frá því úr lögum numinn.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

Gefið í Vorum konunglega aðsetursstað, Kaupmannahöfn 17. dag aprílmánaðar 1868.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Samkvæmt konungsúrskurði 31. maímán. 1867 var lagt fyrir alþingi það ár frumvarp til opins bréfs um það, hvernig borga eigi kostnað þann, er rís af flutningi á þurfamönnum; er frumvarp þetta með ástæðum stjórnarinnar fyrir því prentað í Tíðindum frá alþingi 1867 II, 154.—158. bls. og álitsskjal þingsins til konungs á 381.—387. bls. Í álitsskjali þessu biður þingið um, að frumvarpið fái lagagildi með þeim breytingum, er nú skal greina:

1, að fyrir orðin í 1. grein: „eptir efnahag þeirra og öðrum ástæðum” komi: „eptir tölu tíundarbærra lausafjórðundraða hvers hrepps”.

2, að 2. grein verði þannig orðuð: „Nú er þurfamaður fluttur sýslna á milli eða um fleiri sýslur, og skal kostnaðinum jafnað niður á þær, hverja um sig, sem fyrir er mælt í 1. grein”;

3, að sett verði inn í 3. grein: „1. júlímán. 1868”.

Í álitsskjali sínu um málefni þetta lagði konungsfulltrúi fram með, að breytingin, sem til er færð í 1. tölulíð, væri tekin til greina, með því að hún setti nýtilega reglu, er stemmir stigu fyrir að nokkur sérdrægni geti komið fram í niðurgjöfnuninni, og þar á ofan verði það auðveldara fyrir sýslumennina í hverju

1868.
17. apríl.

1868.

17. apríl.

einstöku tilfelli að fara eptir henni. Dómsmálastjórnin áleit ekki heldur fyrir sitt leyti, að næg ástæða væri til að vera mótfallinn breytingu þessari, þó að hún stundum verði orsök í, að einstakir hreppar verði hart úti, en hjá því hefði mátt komast, ef reglu frumvarpsins hefði verið haldið, sem var tekin eptir bænarskrá þeirri, er alþingi sendi stjórninni árið 1865, og sem þingið virtist hafa fallið á. Konungsfulltrúi hafði ekki heldur neitt að finna að breytingunni, sem til er færð í 2. tölu-lið, þar sem hún að hans hyggju mundi sporna við ósanngirni, er gæti komið fram samkvæmt reglu frumvarpsins, þegar þurfamaður er fluttur um aðra sýsluna endilanga og að eins um stuttan spöl í hinni sýslunni. En af því að 2. grein, eins og alþingi hefir stungið uppá að orða hana, er miður heppilega orðuð, stakk konungsfulltrúi uppá að breyta henni svo, að hún tæki hugsun alþingis ljósar fram. Þegar dómsmálastjórnin lagði málið fyrir konung, sagði hún um þessa breytingu, að hvaða reglu sem svo væri farið eptir, þyrfti ekki að hugsa til, að kostnaðinum yrði skipt svo niður, að fullkominn jöfnuður yrði, og að því leyti hefði regla sú, er alþingi hefði stungið uppá, ekki neitt fram yfir reglu stjórnarfrumvarpsins. Sem ljóst dæmi uppá þetta, mætti benda á það tilfelli, að flytja ætti þurfamann úr austasta hrepp í Rangárvallasýslu í syðsta hrepp í Suðurmúlasýslu. Samkvæmt reglu alþingis ætti Skaptafellssýsla, sem þurfamaðurinn verður að fara um endilanga, en það er meira en 6 þingmannaleiðir, í þessu tilfelli að greiða næstum allan flutningskostnaðinn, en hinar sýslurnar aptur á móti, sem þó eru mest við múlefnið riðnar, Rangárvallasýsla, af því að hún kemur af sèr þurfamanninum, og Suðurmúlasýsla, af því að hann á þar sveit, komast af með að gjalda lítilræði, er engu nemur. En af því að hér er að eins um þau gjöld að ræða, er ekki dregur neitt talsvert um, og sjaldan koma uppá, og þar á ofan verða þeim mun síður tilfinnanleg, sem ætlazt er til að þeim skuli skipt niður á tvö eða fleiri stór hëruð (sýslurnar), virtist í sjálfu sèr ekki vera mikið undir því komið, eptir hvaða reglu farið væri. En það er annar og verulegri anmarki á uppástungu alþingis, það er að segja sá, að regla

1868.

17. apríl.

sú, sem hún fylgir fram, að stjórnarráðsins hyggju ekki verður notuð, þegar svo stendur á, að þurfamaður er fluttur sjó-leiðis, sumpart vegna þess, að orðin „um fleiri sýslur“ eiga við landflutning, sumpart vegna þess, að það getur ekki verið umtalsmál að draga takmarkalínu milli sýslna úti á sjó. Ef að menn þannig hafa fyrir augum dæmi það, sem tekið var fram við umræðurnar á alþingi, að þurfamaður sé fluttur úr Reykjavík sjóveg uppá Akranes í Borgarfjarðarsýslu, eða, eins og ekki er óhugsandi, úr Reykjavík sjóveg norður á Akureyri, þá virðist lagafrumvarpið, eins og alþingi hefir orðað það, ekki hafa neina reglu inni að halda um það, hvernig eigi að jafna kostnaðinum niður, þegar svona stendur á. Af því mundi leiða, að þó að flutningur sjóleiðis sé bæði miklu fljótlegri og ódýrari, mundi það ekki verða notað, heldur mundu menn halda áfram eins og hingað til að flytja þurfamennina landveg hrepp úr hrepp. Ef að því fallist er á þessa breytingu, en dómsmálastjórninni virtist ekki vera ástæða til að vera henni mótfallin, þá er nauðsynlegt að bæta við ákvörðun um, hvernig eigi að jafna kostnaðinum niður þegar þurfamaður er fluttur sjóveg, og af því að regla sú, sem alþingi stakk uppá, á ekki við þau tilfelli, þókti réttast að halda reglunni í stjórnarfrumvarpinu um það, þannig, að kostnaðinum sé skipt til jafnaðar á sýslur þær, sem í hlut eiga. Að endingu skal þess getið, að ekkert þókti því til fyrirstöðu að lagabóðið fengi gildi 1. júlímán. 1868, eins og alþingi hafði stungið uppá.

19. Bréf dómsmálastjórnarinnar til Deildar hins íslenska bókmenntafélags í Kaupmannahöfn, um styrk til að gefa út Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands.

20. apríl.

Samkvæmt bréfi dómsmálastjórnarinnar 23. aprílmán. 1864 skal það hér með kunngjört Deild hins íslenska bókmenntafélags í Kaupmannahöfn, að stjórnarráðið hefir veitt félaginu